

UPPFINNING, SEM KOM FRUMKVÖÐLI UPP Á YFIRBORÐIÐ

ÁSA MAGNUSSON HLÝTUR ÆÐSTU VERÐLAUN EVRÓPSKRA KVENNA Í NÝSKÖPUN, FYRIR BJÖRGUNARBÚNAÐ.



Verðlaunahafinn 2010, Eija Pessinen afhendir Asa Magnusson æðstu verðlaun EUWIIN (Overall Platinum Winner Award)

Í lokahófi EUWIIN 2011 ráðstefnunnar, sem haldin var í Hörpunni dagana 7.- 8. September 2011 hlaut sænski frumkvöðullinn og uppfinningakonan Ása Magnusson, æðstu verðlaun Evrópusamtaka kvenna í nýsköpun, EUWIIN. Verðlaunin hlaut hún fyrir búnað sinn, QSAVE PRO sem ætlaður er björgunarsveitum, köfurum, sundlaugarvörðum og öllum þeim, sem sem starfa við gæslu og björgun úr vatni.

QSAVE PRO búnaðurinn er einfaldur, léttur og auðveldur til notkunar í vatni/sjó. Einfalt er fyrir björgunarmenn að synda með hann og koma honum fyrir á drukknandi einstaklingi. Hann er hægt að nota á einfaldan hátt til að bjarga t.d. þungum einstaklingum frá drukknun og er mun einfaldara að koma honum fyrir en þeim búnaði, sem þegar er fyrir hendi á markaðnum.



Föngulegur hópur kvenna í nýsköpun

Yfir 50 frumkvöðlar kynntu hugmyndir sínar fyrir dómnefndinni og þær hugmyndir, sem komu til greina til aðalverðlauna fengu sérstaka viðurkenningu. Það sem einkenndi þær hugmyndir, sem til greina komu var frumleiki, notkunargildi og jákvæð áhrif á umhverfið og á líf einstaklinga. Hugmyndirnar voru af margvíslegum toga en konurnar áttu það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á verkefnum sínum, þor og þrautseigju og vilja til að láta gott af sér leiða.

Fyrir utan aðalverðlaun kvöldsins voru einnig veitt verðlaun í eftirtöldum flokkum:

Uppfinningakona ársins:

Var valin Finninn Salla Koski fyrir uppfinningu sína, Dr DUCK og Mr FROG, sem eru mælitæki til að aðstoða börn með sykursýki til að fylgjast með blóðsykrinum á skemmtilegan hátt og auðvelda daglegt líf þeirra.

Skapandi starf:

Þorbjörg Valdinarsdóttir, hönnuður frá Íslandi fyrir Rain Dear, sem er einstök hönnun á yfirhöfnum, sem gerðar eru úr mörgum lögum af mismundandi efnum, plasti, silki og ull.

Uppbyggjandi frumkvöðlastarfsemi:

Bjarney Lúðvíksdóttir, Rúna Magnúsdóttir frá Íslandi og Mary Schnack frá Bandaríkjunum fyrir BRANDit. Um er að ræða 3,5 daga dagskrá til þjálfunar í markaðssetningu og þróunar á hugmyndum, vörum og starfsemi kvenna í atvinnurekstri. Afraksturinn er settur fram í máli og myndum í veftímaritið Brandit Magazine.

Menntun og fræðsla:

Alessandra Fierabracchi frá Ítalíu fyrir að finna upp tækni til að greina GAD65, sem eru virkaðar T-frumur hjá þeim sem hafa nýlega greinst með sykursýki, Type I og til að auðvelda greiningu á forstígum sykursýki.

Alls voru 29 íslenskar konur tilnefndar til EUWIIN 2011 fyrir nýsköpun og fengu þær allar sérstaka viðurkenningu. Þær eru:

Bjarndís Helen Mitchell sýningartaumar fyrir hunda, með stillanlegum haldi, www.originalhandlers.com

Guðrún Sæmundsdóttir eyrnabólgumeðferð með eyrnartöppum, www.aurispharma.is

Sveinbjörg Hallgrímsdóttir vöruhönnun, www.sveinbjorg.is

Svana Helen Björnsdóttir upplýsingatækni, www.stiki.eu

Ása Brynjólfssdóttir snyrtivörur Bláa lónsins, www.bluelagoon.com/shop/A-Naturceautical-Brand

Guðrún Bergmann umhverfismeðvitund kvenna, Grænir hælur, www.greenheels.com

Margrét J. Pálmadóttir Domus vox, sönghús kvenna, www.domusvox.is

Vilborg Einarsdóttir Mentor, veflausnir fyrir skóla, www.mentor.is

Bjarney Lúðvíksdóttir, Rúna Magnúsdóttir og Mary Schnack Brandit, námskeið í markaðssetningu, www.brandit.is

Bryndís Guðmundsdóttir kennsla og leikur með hljóðum, talkennsluprógram, www.laerumogleikum.blog.is

Elín Ebba Ásmundsdóttir, Hlutverkasetur, www.hlutverkasetur.is

Hendrikka Waage, skartgripahönnun og Barnaþingið (Kidsparlament), www.hendrikkawaage.com
www.kidsparlament.org

Ágústa M. Arnardóttir, hönnun í leðri, hári og beini, www.arfleifd.is

Hanna Stefánsdóttir, Húfur sem hlæja, www.hufursemhlæja.is

Helga Birgisdóttir, Smiler, skartgripur og hugmyndafræði, www.gegga.is

Þorbjörg Valdimarsdóttir hönnun regnfatnaðar, www.raindear.net

Helga Rún Pálsdóttir hönnun fylgihluta, www.prem.is

Hulda Heiðarsdóttir og Þórunn Jónsdóttir leikfatnaður fyrir börn, www.fafutoys.com

Ólafía Ólafsdóttir hönnun úr endurnýtanlegu efni, Studiola Design, studiola@simnet.is

Sigríður Heimisdóttir, vöruhönnun, www.siggaheimis.com

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, skóhönnun, veski og ilmvötn, www.gydja.is

Steinunn Ketilsdóttir hönnun varmahlífa fyrir gigtveika, www.volcano-iceland.com

Sveindís Valdimarsdóttir skartgripahönnun úr afgangspappír, www.mss.is

Vala Torfadóttir og Björg Ingadóttir fatahönnun með endurnýtanlegu ívafi,
www.spaksmannsspjarir.com

Ingibjörg Þóra Gestsdóttir og Kristín Unnur Þórarinsdóttir peysuteppi, Koffort, www.koffort.is

Nánari upplýsingar www.gwiin.com www.kvenn.net

Elinóra Inga Sigurðardóttir, s.8984661, elinoras@gmail.com

(Myndir teknar af Júlíusi Valssyni)